

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 265/2024

2025/EES/25/14

frá 6. desember 2024

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka  
(Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1355 frá 21. maí 2024 um breytingu á II., III. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir bensóvindíflúpýr, klórantranilípról, emamektín, kínklorak, spírómesífen og tríflúmúrón í eða á tilteknum afurðum <sup>(1)</sup>.
- Ákvörðun þessi varðar löggjöf um föður og matvæli. Ákvæði löggjafar um föður og matvæli skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur varðandi aðlögun á tilteknum sviðum í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- I. og II. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það,

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við 40. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005) í II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„– **32024 R 1355:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1355 frá 21. maí 2024 (Stjtid. ESB L, 2024/1355, 22.5.2024).“

2. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við lið 54zzy (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32024 R 1355:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1355 frá 21. maí 2024 (Stjtid. ESB L, 2024/1355, 22.5.2024).“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2024/1355, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 7. desember 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

(<sup>1</sup>) Stjtid. ESB L, 2024/1355, 22.5.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2024/1355/oj>

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. desember 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Anders H. Eide***

formaður